# Námsáætlun fyrir íslensku - 1. bekkur
## skólaárið 2023-2024

**Kennari:** Sigurlaug Arna Sævarsdóttir og Guðrún F. Stefánsdóttir
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | • Tjái sig fyrir framan hóp.<br>• Hlusti á aðra og meðtaki upplýsingar.<br>• Taki virkan þátt í umræðum.<br>• Vinni með öðrum í stórum og litlum hópum.<br>• Nýti sér leiðsögn.<br>• Undirbúi stuttar frásagnir.<br>• Tali skýrt og áheyrilega.<br>• Syngi algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng.<br>• Hlusti og horfi á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og aðrir nemendur og geti greint frá upplifun sinni. | • Nemendur lesa upp sögur og texta eftir sjálfa sig og aðra.<br>• Lesið er daglega fyrir nemendur.<br>• Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum, segja sögur og taka þátt í samræðum.<br>• Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega.<br><br>**Heimanám:**<br>• Nemendur skrifa sögur heima í sögubók einu sinni til tvisvar í mánuði og lesa svo söguna fyrir bekkjarfélaga sína í skólanum. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lestur og bókmenntir** | • Nefnt heiti og hljóð allra bókstafa.<br>• Tengt bókstafi og myndað orð.<br>• Lesið léttan texta.<br>• Eflt góðan orðaforða og málsskilning.<br>• Kynnt fyrir algengum ævintýrum. | • Aðallega er stuðst við hljóðaaðferðina en aðrar aðferðir eru notaðar með í bland.<br>• Nemendum fá lestrarefni við hæfi hvers og eins.<br>• Áhersla er lögð á daglegan lestur nemenda í skóla, bæði í hljóði og upphátt.<br>• Nemendur lesa heima á hverjum degi.<br>• Í skólanum er lesið daglega fyrir nemendur.<br>• Unnið er með markvissa málörvun, hugtakakort og kórlestur.<br>• Seesaw.<br>• Farið á bókasafn og valið sér bók eftir áhuga.<br><br>**Lestrarátak**<br>• Áætlað er að vera með a.m.k. tvö lestrarátök yfir veturinn.<br><br>**Heimanám:**<br>• Nemendur lesa heima á hverjum degi. | • Lesfimipróf jan. og maí.<br>• Orðleysupróf jan. og maí.<br>• Sjónrænn orðaforði í jan. og maí.<br>• Lesskilningspróf í jan., og maí.<br>• Hlustunarpróf okt., jan og apríl. |
| **Ritun** | • Haldið rétt á skriffæri .<br>• Dregið rétt til stafs og skrifað í rétta átt.<br>• Tamið sér vandvirkni og góðan frágang.<br>• Samið einfaldan texta. | • Nemendur læra frumatriði skriftar s.s. rétta skriftarátt, blýantsgrip, og líkamsstöðu ásamt vönduðum vinnubrögðum.<br>• Nemendur skrifa heima og eftir forskrift í skólanum. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti. | • Seesaw notað t.d. til að taka upp upplestur úr sögubókum<br><br>**Heimanám:**<br>• Nemendur skrifa heima í sögubók. | |
| **Málfræði** | • Kynnist kyni og tölu orða.<br>• Leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma.<br>• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.<br>• Þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn.<br>• Átti sig á mun sérhljóða og samhljóða.<br>• Þekki reglur um stóran og lítinn bókstaf.<br>• Beitt töluðu máli af öryggi.<br>• Þekkt og fundið helstu einingar málsins svo sem bókstafi, hljóð, orð, setningar, samsett orð.<br>• Þekki íslenska stafrófið.<br>• Þekkt muninn á sérhljóða og samhljóða. | • Markviss málörvun.<br>• Hópastarf.<br>• Útinám.<br>• Rím.<br>• Fjölbreytt verkefni. | |
| | | | |

| |
|---|
| **Námsgögn:**<br>Lestarlandið, sögubók ásamt vinnubókum.<br>Lestrarbækur eða tengihefti með og án vinnubóka við hæfi hvers og eins.<br>Sögur sem tengjast stafainnlögn.<br>Skriftarblöð.<br>Við lesum A.<br>Bækur af bókasafni.<br>Ljósrituð hefti við hæfi hvers og eins.<br>Kennsluefni af veraldarvefnum.<br>Spil og annað fjölbreytt efni frá kennara.<br>Seesaw. |
| **Lokanámsmat:**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. |